

Sautjándi fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps haldinn að Breiðabliki 1. desember 2022 kl. 17:00.

Mætt eru Herdís Þórðardóttir, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Pröstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem að ritaði fundargerðina.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Styrkumsókn frá sóknarnefnd Fáskrúðarbakkasóknar
Veronika sat hjá við afgreiðslu málsins. Afgreiðslu styrkumsóknar var frestað á síðasta fundi. Sveitarstjórn hafnar styrkumsókninni að svo komnu máli. Oddvita falið að svara erindinu.
2. Skjalamál
Skjöl liggja í Laugargerðisskóla og þarf að finna þeim stað til varðveislu. Sveitarstjórn samþykkir að fá aðila til að fara í gegnum skjöl skólans og sveitarfélagsins. Jafnframt að koma skjölunum í viðeigandi vörslu.
3. Tæknimál
Sveitarstjórn hefur ákveðið að taka upp rafræna gagnavörslu. Til að auka öryggi gagna og skilvirkni í gagnavinnslu. Samþykkt að kaupa fjórar fartölvur fyrir sveitarstjórnarfólk í ársbyrjun 2023.
4. Greiðslur vegna ungbarna
Oddviti sat hjá við afgreiðslu málsins.
Sveitarstjórn samþykkir að halda áfram með greiðslur vegna ungbarna út árið 2023.
5. Nefndarlaun
Oddviti lagði fram tillögum að nefndarlaunum. Laun skulu frá 1. janúar 2023 miðast við ákveðið hlutfall af þingfarakaupi. Launatafla verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins.
6. Gjaldskrár sveitarfélagsins

Tengigjöld
Sveitarstjórn samþykkir að hækka tengigjöld um 5% frá og með 1. janúar 2023. Sveitarfélaginu er skylt að B-hlutafélag reki sig að öllu leiti sjálf.

Tónlistarskóli

Sveitarstjórn samþykkir að hækka tónlistarskólagjald í 24.750 kr. á önn frá 1. janúar 2023.

Mötuneyti Laugargerðisskóla

Sveitarstjórn samþykkir að hafa gjaldskrá óbreytta út skólaárið 2022/2023.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Seyrulosunargjald

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Fasteignagjöld

Sveitarstjórn samþykkir að álagningarhlutfall haldist óbreytt. Þá samþykkir sveitarstjórn að eldri borgarar njóti 50% afsláttar af fasteignagjöldum af íbúðarhúsnæði.

7. Erindi frá Sveinbjörgu Zophoníasdóttur varðandi frístundastyrk barna
Sveitarstjórn samþykkir að taka upp frístundastyrk til handa börnum á aldrinum 3-18 ára. Oddvita falið að útfæra reglur um frístundastyrk og auglýsa á heimasíðu hreppsins. Oddvita falið að svara erindinu.
8. Viðauki vegna fjárhagsáætlunar 2022
Sveitarstjórn samþykkir viðauka 1: Lækkun á framlögum til atvinnufyrirtækja vegna fasteignagjalda þar sem að sameiningartillaga við Snæfellsbæ var felld.
Sveitarstjórn samþykkir viðauka 2: Viðaukinn er vegna breytingu á 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 þar sem kveðið er á um að færa samstarfsverkefni og byggðasamlög inn í samantekin reikningsskil sveitarfélaga miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags.
9. Fjárhagsáætlun 2023-2026, fyrri umræða
Fjárhagsáætlun 2023-2026 tekin til fyrri umræðu.
10. Skipan í nefnd
Sveinbjörg Zophoníasdóttir aðalmaður í Fræðslu- og skólanefnd er nú starfsmaður skólans og því er endurskipað í Fræðslu- og skólanefnd. Áslaug Sigvaldadóttir, sem að áður var varamaður tekur sæti aðlmanns og Gunnar Guðbjartsson skipaður varamaður.
11. Tryggingar sveitarfélagsins
Oddvita falið að fara yfir tryggingar sveitarfélagsins og fá í þær verðtilboð.
12. Fundargerð Skipulags- og byggingarnefndar, dagsett 7. nóvember 2022.
Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
13. Fundargerð Fræðslu- og skólanefndar, dagsett 22. nóvember 2022.
Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 20:30.

Herdís Þórðardóttir sign

Guðbjörg Gunnarsdóttir sign

Þróstur Aðalbjarnarson sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir sign

Sigurbjörg Ottesen sign